

## ✉ Re: Umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun - Svarfhólsvöllur við Selfoss

Búið til	6.4.2021 14:13:38
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	6.4.2021 14:14:12
Tilheyrir	📁 202103-0019 - Svarfhólsvöllur við Selfoss, Umsagnabeiðni.

### Efni

Re: Umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun - Svarfhólsvöllur við Selfoss

### Upplýsingar

Sent	6.4.2021 14:14:12	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is
Cc	skipulag@skipulag.is

### Innihald

Tilvísun í mál nr. 202103-0019 (RTh, KHS, LA)

Þann 17. mars 2021 óskaði Skipulagsstofnun eftir því að Náttúrufræðistofnun Íslands gæfi umsögn um hvort og á hvaða forsendum fyrirhugaðar framkvæmdir við golfsvæðið Svarfhólsvöll í landi Laugardæla teldust háðar mati á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir erindið og telur að vel sé gerð grein fyrir framkvæmdum, gróðurfari og áhrifum framkvæmda á umhverfið í greinagerð Golfklúbbs Selfoss frá 2021 þar sem kynnt er fyrirhuguð níu holu stækkun Svarfhólsvallar í landi Laugardæla. Golfbrautir munu fara yfir tún en einnig að hluta yfir gróskumiklar graslendis- og mólendisvistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi s.s. língresis- og vingulsvist og víðikjarrvist (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016). Vilji virðist samt vera fyrir að leggja brautir yfir svæði sem hafa verið beitt og þannig lágmarka rask á gróskumestu svæðin.

Einnig er ætlunin að hlífa því votlendi sem þarna er að mestu (tveir votlendisblettir afmarkaðir á korti yfir framkvæmdasvæði) og ekki er gert ráð fyrir að ræsa fram mýrar fyrir golfbrautir ef þær fara inn á votlendissvæði. Þarna er um að ræða tvær votlendisvistgerðir, runnamýravist á láglandi og starungsmýravist sem báðar eru með mjög hátt verndargildi og hafa verið skilgreindar sem forgangsvistgerðir í tengslum við val svæða á framkvæmdaáætlun á B-hluta náttúruuminjaskrár (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019). Þær, ásamt língresis- og vingulsvist og víðikjarrvist eru einnig á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016)

Engar friðlýstar plöntutegundir eða tegundir á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018) hafa fundist á svæðinu en í nágrenni svæðisins eru til skráningar yfir blöðrujurt (*Utricularia minor*) sem er fremur sjaldgæf vatnaplanta og sem einkum er að finna í mógröfum

<https://www.ni.is/biota/plantae/tracheophyta/magnoliopsida/lentibulariaceae/blodrujurt-utricularia-minor> (<https://www.ni.is/biota/plantae/tracheophyta/magnoliopsida/lentibulariaceae/blodrujurt-utricularia-minor>). Blöðrujurtin hefur verið á undanhaldi síðustu áratugi, bæði vegna þurrkunar lands og vegna þess að mótöku er hætt. Gamlar mógrafir eru í syðri votlendisblettinum á framkvæmdasvæðinu (svæði merkt 009 á mynd 5 í greinagerð Golfklúbbs Selfoss 2021) og sá möguleiki er fyrir hendi að blöðrujurt finnist í einhverjum þessara mógrafa. Fram kemur í umræddri greinagerð að óheimilt er að raska mógröfum nema með leyfi Minjastofnunar (sjá Margrét Hrönn Hallmundardóttir 2016). Náttúrufræðistofnun Íslands ítrekar einnig mikilvægi þess að hlífa votlendum eins og kostur eru út frá gróðurfarslegum sjónarmiðum.

Undir jarðvegi og gróðri liggur Þjórsárhraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæm 61. gr. náttúruverndarlaga. Yfirborð hraunsins er lítt greinilegt á svæðinu og rask vegna framkvæmda eru taldar óverulegar.

Að teknu tilliti til ofangreindra þátta gerir Náttúrufræðistofnun Íslands ekki athugasemdir við stækkun Svarfhólsvallar. Svæðið er í útjaðri ört stækkandi byggðar á Selfossi og stór hluti svæðisins hefur nú þegar verið nýttur undir ræktun og beit. Náttúrufræðistofnun vill þó benda á að æskilegt væri að halda bökkum Ölfusár utan við golfvallarsvæðið og nýta það svæði til útivistar fyrir almenning t.d. með því að leggja göngu- og hjólastíga meðfram eystri bakka Ölfusár.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum hvað náttúrufar varðar

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

#### Helstu heimildir.

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. *Vistgerðir á Íslandi*. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.  
[http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf)

Margrét Hrönn Hallmundardóttir 2016. Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi við Svarfhólsvöll á Selfossi. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 31-16.

Náttúrufræðistofnun Íslands 2018. *Válisti æðplantna*.  
<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna>

Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Ásrún Elmarsdóttir, Borgþór Magnússon, Guðmundur Guðmundsson, Ingvar Atli Sigurðsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Kristján Jónasson, Lovísa Ásbjörnsdóttir, Marianne Jensdóttir Fjeld, Sigmar Metúsalemsson, Starri Heiðmarsson, Sunna Björk Ragnarsdóttir, Þóra Hrafnisdóttir og Trausti Baldursson. 2019. *Framkvæmdaáætlun náttúruinjaskrár 2018: svæðaval og ávinningur verndar*. Náttúrufræðistofnun Íslands NÍ-19008. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.  
<http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf>

**From:** "Sigurður Ásbjörnsson - SLS" <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is>  
**To:** "floahreppur@floahreppur.is" <floahreppur@floahreppur.is>; "Guðni Magnús Eiríksson - FISK" <Gudni.M.Eiriksson@fiskistofa.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "rut@landsnet.is" <rut@landsnet.is>; "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI" <Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>  
**CC:**  
**Subject:** Umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun - Svarfhólsvöllur við Selfoss  
**Date:** 17.3.2021 10:50:27

Til Flóahrepps, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Landsnets, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Gólfklúbbur Selfoss hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttokin 5. mars 2021, um ofangreinda framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir að umsagnaraðilar gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir **6. apríl 2021** og einnig á tölvupóstföngin: skipulag@skipulag.is og sigurdur.asbjornsson@skipulag.is.

Virðingarfyllst,

Sigurður Ásbjörnsson

Fylgigögn í viðhengi eru:

- Greinargerð. Svarfhólsvöllur í landi Laugardæla. Kynning framkvæmdar.
- Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi við Svarfhólsvöll á Selfossi.
- Fuglalíf við Skiphól, austan Svarfhólsvöll (golfvöll) í landi Laugardæla í Flóahreppi

## Viðhengi

image001.png (5 KB)